BYGGÐASTOFNUN
Ártorgi 1
550 Sauðárkróki
Sími 455 54 00
Fax 455 54 99
postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

Sauðárkróki, 19. febrúar 2020

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um Tröllaskagagöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, mál 302.

Tillagan er að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra láti hefja vinnu við rannsóknir, frumhönnun og mat á hagkvæmni á gerð jarðganga á Tröllaskaga.

Byggðastofnun telur að þau jarðgöng sem tillagan fjallar um séu mikilvæg og myndu ná markmiðum sem tilgreind eru í tillögunni. Það er annars vegar að stytta vegalendir milli ákveðinna þéttbýlisstaða og innan vegakerfisins, en hins vegar að auka öryggi vegfarenda til muna. Ýmis þjónusta einkum á heilbrigðissviði hefur byggst upp fyrst og fremst á Landspítalanum en þó að töluverðu leyti á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Þar má nefna fæðingaþjónustu, þjónustu við geðfatlaða en einnig á ýmsum öðrum sviðum sem t.d. aldraðir þurfa að sækja á þessa staði. Þessi breyting kallar á endurskoðun á samgöngum milli landsvæða og í því ljósi verður að skoða hvaða samgöngubætur geta komið til móts við þessar aðstæður. Þessu þarf einnig að mæta með aukinni kostnaðarþátttöku hins opinbera við þá sem þurfa að sækja þjónustuna og samfélagið getur ekki ætlast til þess að t.d. konur sem þurfa að leita eftir þjónustu vegna barneigna þurfi að leggja í lífshættuleg ferðalög um fjallvegi sem að auki lokast oft og tíðum. Stofnunin telur því æskilegt að útfærsla jarðgangana verði skoðuð og að þau verði felld inn í jarðgangaáætlun samgönguáætlunar ef framkvæmdin telst raunhæf og framkvæmanleg.

Fyrir hönd Byggðastofnunar

_____

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar